
Breyting á efnistöku úr Svartagilslæk vegna framkvæmda á hringvegi í Berufirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 8. febrúar 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða breytingu á efnistöku í Svartagilslæk í Berufirði, Djúpavogshreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Djúpavogshrepps, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Svartagilslækur í Berufirði í Djúpavogshreppi. Breyting á efnistöku vegna framkvæmda á Hringvegi í Berufirði. Fyrirspurn um matsskyldu. Vegagerðin, febrúar 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Djúpavogshreppi með tölvupósti dags. 26. febrúar 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með tölvupósti dags. 11. mars 2019.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 5. mars 2019.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 20. febrúar 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 21. febrúar og 6. mars 2019.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Forsaga

Náman sem um ræðir er í Svartagilslæk í Berufirði og var til umfjöllunar í mati á umhverfisáhrifum um Axarveg, Hringveg í Skriðdal og Hringveg um Berufjarðarbotn árið 2011. Áætlað var í því mati að taka 72.000 – 90.000 m³ af efni úr námunni á 59.000 m² svæði. Vegna mikils sigs vegar sem þverar Berufjörð þurfti Vegagerðin að taka meira magn úr námunni en gert hafði verið ráð fyrir í ofangreindu mati og er búið að taka samtals 235.000 m³ úr námunni á um 94.000 m² svæði. Fram kemur í gögnum Vegagerðarinnar að Djúpavogshreppur hafi ekki viljað gefa út nýtt framkvæmdaleyfi um aukið efnisnám til Vegagerðarinnar fyrr en búið væri að tilkynna breytingarnar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Samkvæmt þessu er Vegagerðin búið að taka 145.000 m³ af efni umfram þá 90.000 m³ sem umhverfismatið miðaðist við. Vegagerðin hefði átt á sínum tíma að tilkynna þessa efnistöku til Skipulagsstofnunar, sbr. töluliði 2.03 og 13.02 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Í samskiptum við Skipulagsstofnun hefur komið fram að stofnunin telur vinnubrögð Vegagerðarinnar ámalisverð og benti á að gæta þurfi að því að í framtíðinni þurfi að tilkynna Skipulagsstofnun, skv. ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum, um þær breytingar sem verða á framkvæmd sem hefur undirgengist mat á umhverfisáhrifum, s.s. efnistöku magni áður en þær koma til framkvæmdar. Í tilkynningu kemur fram að Vegagerðin sé sammála Skipulagsstofnun og muni í framtíðinni reyna að koma í veg fyrir mistök af þessu tagi.



Fram kemur í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar að áætlað sé að taka 49.000 m³ til viðbótar úr námunni í Svartagilslæk. Í heild verður þá efnistökmagn úr námunni alls 284.000 m³ auk þess sem áætlað sé að stækka þurfi námuna um 2.300 m² og verður náman þá rúmlega 96.000 m². Fram kemur að náman sé í árkeilu Svartagils- og Skjólglislækjar og að áður en efnistaka hafi hafist í henni hafi svæðið að mestu verið ógróið að undanskildum svæðum í neðri hluta námunnar þar sem einhver gróin svæði hafi verið að finna. Eins og rakið var að framan er nú búið að taka 235.000 m³ og þar með raska umtalsvert stóru svæði. Farvegur Svartagilslækjar hefur breyst töluvert frá upphaflegu útliti og fram kemur að við frágang þurfi að huga vandlega að því að útlit svæðisins verði sem náttúrulegast.

4 UMHVERFISÁHRIF

Fram kemur að í grennd við efnistökusvæðið sé hverfisverndarsvæði, en svæðið sjálft hafi lítið verndargildi. Vegna nálægðar svæðisins við Hringveginn þurfi að huga vel að útliti og frágangi námunnar og verði leitast við að fella námuna sem best að landi.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif efnistökkunnar sjálftrar séu þegar komin fram og muni frekari efnistaka litlu bæta við þau áhrif að mikilvægt sé að haga frekari efnistöku þannig að efni sem berist niður með farveginum ógni ekki nýjum vegi um Berufjörð.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við efnistöku og frágang námunnar verði reynt að haga framkvæmdum þannig að allt framburðarefni haldist innan farvegs.

Fram kemur að skráðar fornleifar sé að finna í nálægð við námuna en svæði í grennd við fornleifarnar verði ekki raskað.

Fram kemur í umsögn Minjastofnunar að fornleifafræðingur hafi farið yfir svæðið árið 2018 og við þá yfirferð hafi fundist vörðubrot sem liggja innan marka útboðs vegna framkvæmdarinnar. Minjastofnun leggur til að reynt verði að halda efnistöku ofan vegar og að vörðubrotið verði ekki sett í hættu.

Fram kemur í svari Vegagerðarinnar að vörðubrotið verði girt af áður en frekari efnistaka fari fram á svæðinu til að forðast að raska því.

Fram kemur í umsögn Djúpavogshrepps að þegar hafi verið teknir 145.000 m³ af efni umfram það magn sem umhverfismat og gildandi aðalskipulag heimila, og óafturkræf áhrif efnistökkunnar á landslag og jarðmyndanir því komin fram að miklu leyti. Vandséð er hvernig hægt er mæta þeim öðruvísi en með skynsamlegum mótvægisáðgerðum, s.s. góðri hönnun og frágangi á svæðinu. Svæðið er raskað og hefur því lágt verndargildi. Framburður af vatnasviði Svartagilslækjar er mikill og smám saman mun framburður fylla upp námusvæðið, þó erfitt sé að segja til um hversu hröð sú þróun geti orðið. Sveitarfélagið telur jafnframt að nægjanlega sé gerð grein fyrir áhrifum sem aukning efnistöku muni hafa í för með sér. Þá kemur fram að Djúpavogshreppur taki undir sjónarmið Skipulagsstofnunar um að um ámælisverð vinnubrögð af hálfu Vegagerðarinnar sé að ræða og ljóst að heillavænlegra hefði verið ef Vegagerðin hefði tilkynnt um aukna efnisþörf í tíma og leitað samráðs við sveitarfélagið þegar sýnt var hvert stefndi.



5 SKIPULAG OG LEYFI

Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Djúpavogshrepps samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi, leyfi Fiskistofu samkvæmt lögum um lax og silungsveiði og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða aukna efnistöku úr námu í Svartagilslæk og er áætlað að heildarefnistaka úr námunni verði 284.000 m³ á rúmlega 96.000 m² svæði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og tölulið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar og nýtingu náttúruauðlinda, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með framkvæmdunum er verið að auka efnistöku úr námu sem nú þegar hefur raskað umfangsmiklu svæði. Í ljósi þeirrar efnistöku sem nú þegar hefur farið fram umfram það sem gert var ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum Axarvegur og Hringvegur um Berufjarðarbotn árið 2011 er ljóst að farvegur Svartagilslækjar hefur tekið töluverðum breytingum, en í heildina verður efnisnám rúmlega 190.000 m³ meira en upphaflega var áætlað og efnistökusvæðið um 37.000 m² stærra.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd eða vegna fornleifa, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Eins og fram kemur hér að ofan er framkvæmdasvæðið stærra en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir og í nálægð við námuna er berghlaupssvæði sem nýtur hverfisverndar skv. skipulagi auk þess sem í grenndinni er að finna fornleifar. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að berghlaupið muni ekki raskast með framkvæmdunum. Í umsögn Minjastofnunar koma fram tillögur um aðgerðir til að koma í veg fyrir rask á fornleifum sem Vegagerðin mun fara eftir.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar að teknu tilliti til eðlis og staðsetningar hennar, svo sem stærðar og fjölbreytileika áhrifa, tímalengdar og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun tekur undir með umsögnum Djúpavogshrepps og Umhverfisstofnunar að áhrif efnistökkunnar á landslag og jarðmyndanir sé komin fram að miklu leyti og að frekari efnistaka muni litlu bæta við þau áhrif. Áhrifin eru staðbundin, að mestu óafturkræf og bundin við afmarkað svæði en þær áætlanir um frágang sem Vegagerðin hefur boðað eru til þess fallnar að draga að einhverju marki úr þeim áhrifum sem verða af framkvæmdinni. Þá má telja að með tímanum muni framburður af vatnasviði Svartagilslækjar fylla smám saman upp námusvæðið.



Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 6. maí 2019.

Reykjavík, 4. apríl 2019

Jakob Gunnarsson

Jón Þórir Þorvaldsson